



Stjórnarfundur UÍA

Haldinn á Egilsstöðum, þriðjudagur 08.03.2023 kl: 17:00

Mætt eru Benedikt Jónsson formaður, Björgvin Stefán Pétursson, Guðjón Magnússon, Gunnar Gassi Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir og Þórunn María Þógrímsdóttir.

Dagskrá

- **Síðasta fundargerð**
- **Sumarstarfsmaður**
- **Innsend erindi**
- **Sambandþing UÍA ákveða dagsetningu og fl**
- **Önnur mál**

Síðasta fundargerð samþykkt samhljóða

Sumarstarfsmaður

Huga þarf að nýjum sumarstarfsmanni þar sem Halldór verður ekki í sumar. Ákveðið er að ráða Sæbjörn Guðlaugsson í starfið.

Innsend erindi

Formaður og framkvæmdastjóri sátu fund í lok síðasta árs með Margréti Sigurðardóttur lögreglustjóra á Austurlandi þar sem rætt var um ýmis erindi m.a. hugsanlegt samstarfs lögreglunnar og íþróttahreyfingarinnar á Austurlandi.

Tvö erindi frá glímudeild Vals á Reyðarfirði þar sem óskað er eftir styrk til keppnisferðar. Annars vegar til Englands á Heimsmeistaramót í ágúst 2022 og hins vegar til til Frakklands á Evrópumót í febrúar 2023. Til Englands fóru 6 ungmenni á aldrinum 13 – 22 ára og til Frakklands voru það fimm ungmenni á aldrinum 16 – 22 ára. Öll voru þau að keppa fyrir fyrir hönd Glímusambands Íslands. Ákveðið var að styrkja hvert ungmenn um 80.000 kr. fyrir Englandsferðina og 50.000 kr. fyrir Frakklandsferðina. Guðjón Magnússon, sat hjá við afgreiðslu málsins.

Erindi frá aðalstjórn Þróttar vegna 100 ára afmælis félagsins. Óskað er eftir því að UÍA sendi kveðju í afmælisrit sem verið er að vinna í. Einnig er óskað eftir styrk til hátíðarhaldanna. Ákveðið er að styrkja Þrótt um 100.000 kr. sem fer í viðburði hjá Þrótti á afmælisári.

Sambandsþing UÍA

Ákveðið er að halda ársþing UÍA í Neskaupstað. Ákveðið er að kanna hvort að hægt væri að halda þingið sunnudaginn 16. apríl kl. 12:00.

Önnur mál

Lögð er til breyting á reglum um styrkveitingu úr afrekssjóði UÍA, í stað hópíþóttar kemur hópferð og í stað einstaklingsíþróttar kemur einstaklingsferð.

Huga þarf að veitingu viðurkenninga (starfsmerkja) á ársþingi UÍA.

Fundi slitið kl. 18:14

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir